

Mál nr. 210/2006

Jón Þorsteinn Sigurðsson (M)

og

Vátryggingafélag Íslands hf. v/Alkaskótryggingar BU-765 (A)

Ágreiningur um umfang tjóns sem varð þann 16.12. 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.10. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um umfang tjóns. Bifreiðin sem um ræðir lenti í tjóni þann 16.12. 2005, sem bætt var úr Alkaskótryggingu, þ.e. á vélarhlíf, bretti og þokuljós sem varð við mætingu bifreiða. Munu "stórar malbiksklessur" hafa lent á bifreiðinni er hún mætti "stórum flutningabíl". Nokkru síðar vill M fá felgur á bifreiðina bættar og kveðst rekja tjón á þeim til atviksins 16.12. 2005.

Vátryggingafélagið telur sig hafa bætt það tjón sem varð. Félagið hafnar því að M geti komið talsvert löngu síðar og krafist þess að félagið bæti tjón sem hann telur að hafi orðið á felgum í umrætt sinn. Félagið vísar til þess að það hafi bætt skemmdir á A í kringum 15.02. 2006 en M hafi komið um mánaðarmót júlí/ágúst og óskað eftir því að fá einnig bætt tjón sem hann telur að hafi orðið á felgum bifreiðarinnar. Félagið telur atvik að umræddu tjóni ósönnuð og hafnar því greiðslu bóta vegna málsins.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann kveðst hafa ekið yfir "malbiksklessur" í umrætt sinn. Hann telur að við þetta hafi allar felgur orðið "egglaða". Það tjón neiti vátryggingafélagið að bæta sem hann kveðst vera ósáttur við.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að tjón hafi orðið á felgum bifreiðarinnar í umrætt sinn. Fyrirliggjandi reikningur frá verkstæði, dags. 01.07. 2006, breytir ekki framanrituðu. Fullyrðingu vátryggingafélagsins um að M hafi ekki gert kröfu um bætur fyrir felgur fyrr en í júlí/ágúst 2006 hefur ekki verið hrundið.

Niðurstaða.

Ósannað er að tjón hafi orðið á felgum A þann 16.12. 2005.

Reykjavík 8. nóvember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.